

Fimmtudaginn 3. júlí 1986.

Nr. 90/1984. **B. M. Vallá hf.**

(Jón Finnsson hrl.)

gegn

Karli Ottó Karlssyni og

gagnsök.

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Líkamstjón. Kvittun fyrir bótum. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason og Magnús Thorodd-
sen og Arnljótur Björnsson prófessor.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1984. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 25. maí 1984. Hann krefst þess aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 614.989,00 krónur með 9% ársvöxtum frá 22. ágúst 1973 til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 19. ágúst 1983, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 12. apríl s.á., en frá þeim degi með hæstu innlánsvöxtum (dómvöxtum), eins og þeir eru ákveðnir á hverjum

tíma, til greiðsludags. Til vara krefst hann að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 470.419,00 krónur með vöxtum eins og greinir um aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn um vinnutekjur gagnáfrýjanda árin 1983 - 1985. Ennfremur ný áætlun Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, dags. 19. janúar 1986, um tjón gagnáfrýjanda vegna örorku, tímabundinnar og varanlegrar. Er sú áætlun gerð á grundvelli endurmats Ólafs Jónssonar læknis á örorku gagnáfrýjanda, dags. 18. nóvember 1981, eins og áætlun tryggingastærðfræðingsins 16. ágúst 1983, sú sem frá er greint í héraðsdómi, en í örorkumati þessu endurmat læknirinn örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins frá því sem hann hafði metið hana 18. desember 1974 með leiðréttingu 26. febrúar 1975. Eru kröfur gagnáfrýjanda reistar á fyrrgreindu örorkumati og hinni nýju áætlun um tjón hans vegna örorku.

Loks hefur verið lagt fyrir Hæstarétt mat Bjarna Jónssonar læknis, dags. 25. júní 1982, á örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins, en það var gert fyrir Tryggingastofnun ríkisins.

II.

Gagnáfrýjandi hefur hækkað kröfur sínar frá því sem greinir í héraðsdómi án þess að skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 sé fullnægt.

Eins og í héraðsdómi greinir slasaðist gagnáfrýjandi hinn 22. ágúst 1973 er bifreið, sem hann ók, rakst á steypubifreið í eigu aðaláfrýjanda. Er ekki ágreiningur um að aðaláfrýjandi hafi borið fulla fébótaábyrgð á því slysi. Hlaut gagnáfrýjandi brot á vinstra sköflungi og vinstra ölnarbeini. Auk þess hlaut hann áverka á báðum hnjám og komu síðar fram brjósskemmdir í hnjónum. Ennfremur hlaut gagnáfrýjandi nokkur önnur meiðsli sem ekki reyndust alvarleg. Hann lá á slysadeild Borgarspítalans frá 22. ágúst til 4. september 1973. Auk aðgerðar daginn sem slysið varð, gekkst hann undir skurðaðgerðir vegna slyssins í desember 1973 og í mars og júní 1974. Í þessi fjögur skipti voru alls gerðar átta skurðaðgerðir á honum.

Í vottorði Rögnvalds Þorleifssonar lækni á Slysadeild, dagsettu 9. júlí 1974, segir m.a., að brjóskskemmdirnar í báðum hnjónum verði aldrei bættar að fullu, en reynslan ein skeri úr um hversu miklum vandkvæðum þær valdi. Í vottorði læknisins, dagsettu 18. nóvember 1974, segir að gagnáfrýjandi hafi unnið verkamannavinnu frá því í ágúst 1974. Í því vottorði er einnig tekið fram að vera kunni, „að nauðsynlegt verði að gera frekari meðferðartilraunir, einkanlega á við. Hné, ef einkennin frá því versna frá því, sem nú er.“ Þá segir í læknisvottorðinu að nokkrar líkur séu til þess að brjóskskemmdirnar í hnjónum leiði síðar meir til slitbreytinga í liðunum fremur en ella hefði orðið.

Ólafur Jónsson læknir mat hinn 18. desember 1974 örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins þannig: Frá slysdegi í 12 mánuði 100%, síðan í 1 mánuð 50%, síðan varanleg 8%. Í greinargerð læknisins, dags. 26. febrúar 1975, segir m.a., að mistök hafi orðið við mat varanlegrar örorku 18. desember 1974 og sé varanleg örorka 15% í stað 8%.

Í mars 1975 samdi umboðsmaður gagnáfrýjanda, Egill Gestsson tryggingamiðlari, við ábyrgðartryggjanda aðaláfrýjanda, Bruna-bótafélag Íslands, um bætur fyrir slysið á grundvelli þessara læknisfræðilegu gagna og áætlunar Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, dags. 27. febrúar 1975, um tjón gagnáfrýjanda vegna örorku. Námu bæturnar alls 1.024.170 gkr. Kvittaði umboðsmaðurinn fyrir þeirri greiðslu sem fullnaðargreiðslu á kröfum gagnáfrýjanda vegna slyssins.

Hinn 3. september 1975 leitaði gagnáfrýjandi til Slysadeildar Borgarspítalans og kvartaði undan sífelldum ónotum í hnjónum, bæði við álag og í hvíld. Taldi hann einkennin frá vinstra hné hafa farið versnandi síðustu undanfarna mánuði. Næst leitaði hann til Slysadeildar 22. nóvember 1976 og kvað hnéð hafa bagað sig mikið; einkum fyndi hann mikið til í lok vinnudags og þegar hann vaknaði á morgnana. Tjáði læknir gagnáfrýjanda þá, að ekki væru miklar líkur til að unnt væri að gera gagn með aðgerðum en þó mætti, ef hann vildi, gera eina tilraun enn. Ekki varð þó af aðgerð að þessu sinni.

Gagnáfrýjandi kom enn á Slysadeild hinn 10. mars 1977 og segir í læknisvottorði Rögnvalds Þorleifssonar frá 30. ágúst 1981, að

ópægindi hafi þá síst batnað og líklega heldur farið versnandi. Lá gagnáfrýjandi nú á deildinni frá 24. - 30. mars 1977 og var reynt að lagfæra vinstra hné með skurðaðgerð. Kom gagnáfrýjandi til eftirlits eftir aðgerðina í apríl og maí 1977.

Haustið 1980 leitaði gagnáfrýjandi til Gunnars Þórs Jónssonar sérfræðings í bæklunarskurðlækningum. Gerði hann að vinstra hné gagnáfrýjanda í Sjúkrahúsi Akraness hinn 9. febrúar 1981. Lá gagnáfrýjandi þar frá 8. - 22. febrúar og á bæklunardeild Landspítalans í mars og apríl 1981.

Hinn 18. nóvember 1981 mat Ólafur Jónsson læknir örorku gagnáfrýjanda að nýju. Tók hann m.a. fram í því örorkumati, að vinstra hné valdi verulegri truflun á starfsgetu og að langtíma horfur séu slæmar. Verði því „að gera ráð fyrir að mál þetta verði tekið upp að nýju síðar“. Gagnáfrýjandi hafi varanlegan бага af vinstra handlegg. Auk þess sé hægra hné langt frá því að vera eðlilegt „og líkur á að ástand þess muni versna“. Niðurlag örorkumatsins er svohljóðandi: „Örorka sú er af slysinu hlaust eins og málin standa í dag telst hæfilega metin 100% í sex mánuði til viðbótar því er áður var metið, 50% í tvo mánuði til viðbótar áður metnu, síðar 35% varanleg.“

Í fyrrgreindu örorkumati Bjarna Jónssonar læknis er örorka gagnáfrýjanda metin þessi: Frá 22. ágúst 1973 - 31. ágúst 1974 100%, 1. september 1974 - 15. nóvember 1974 50%. 16. nóvember 1974 - 7. febrúar 1981 30%, 8. febrúar 1981 - 28. apríl 1981 100%, 29. apríl 1981 - 28. júlí 1981 50%, en eftir það varanleg örorka 30%.

Að kröfu gagnáfrýjanda tók Brunabótafélag Íslands mál hans upp að nýju á árinu 1982 og greiddi honum það sem eftir stóð af váttryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar bifreiðar aðaláfrýjanda auk vaxta. Var sú greiðsla innt af hendi með þeim fyrirvara að hún fæli ekki í sér viðurkenningu á réttmæti kröfu gagnáfrýjanda gagnvart aðaláfrýjanda.

Af gögnum þeim, sem fyrir liggja í málinu, kemur fram að á árunum 1976 - 1979 voru árlegar vinnutekjur gagnáfrýjanda minni en Þórir Bergsson gerir ráð fyrir í örorkutjónsáætlun sinni 19. janúar 1986 að þær hefðu orðið, ef slysið hefði ekki borið að höndum, en þau ár var gagnáfrýjandi í skóla. Eftir það hafa árlegar vinnutekjur hans verið meiri en áætlun gerir ráð fyrir og sum árin til mikilla muna.

III.

Svo sem greint hefur verið undirritaði umboðsmaður gagnáfrýjanda í mars 1975 kvittun þar sem berum orðum var tekið fram að allar kröfur vegna tjóns gagnáfrýjanda væru að fullu greiddar. Kröfur sínar þá studdi gagnáfrýjandi við örorkumat Ólafs Jónssonar læknis, dags. 18. desember 1974, svo sem því hafði verið breytt 26. febrúar 1975. Í ályktarorðum örorkumatsins segir svo: „Þar sem aðgerðum er lokið, og ekki líkur á, að frekari lækningatilraunir verði gerðar vegna slyss þessa, er tímabært að meta örorku, er af því hlaust ...“ Örorkumat þetta var m.a. reist á ítarlegri álitserð í læknisvottorði Rögnvalds Þorleifssonar, dags. 18. nóvember 1974, en eins og áður er rakið er þar gert ráð fyrir að brjóskskemmdirnar í hnjónum kunni síðar meir að leiða til slitbreytinga í liðunum og sagt að vera kunni að nauðsynlegt verði að gera frekari meðferðartilraunir. Var samkvæmt þessu tilefni til þess að af hálfu gagnáfrýjanda væri gerður fyrirvari ef hann vildi áskilja sér að hafa uppi kröfugerð síðar.

Þegar framangreint er virt verður ekki talið sannað að af slysinu hafi gagnáfrýjandi hlotið heilsubrest sem hafi verið í verulegum atriðum annar og meiri en gera mátti ráð fyrir þegar hinn tryggingafróði umboðsmaður hans gaf fullnaðarkvittun fyrir þeim skaðabótum sem greiddar voru samkvæmt bótauppgjörinu í mars 1975. Samkvæmt því og þegar litið er til þess að gagnáfrýjandi hófst ekki handa um kröfugerð á hendur aðaláfrýjanda að nýju fyrr en í febrúar 1982 þykja ekki efni til að dæma aðaláfrýjanda til að greiða honum fébætur vegna slyss hans til viðbótar þeim bótum sem gagnáfrýjandi hefur þegar fengið með greiðslu allrar vátryggingarfjárhæðarinnar samkvæmt ábyrgðartryggingu aðaláfrýjanda hjá Bruna-bótafélagi Íslands. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, B. M. Vallá hf., á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Karls Ottós Karlssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Bjarna K. Bjarnasonar og
Magnúsar Thoroddsen.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, svo og til forðæmis í hæstaréttardómi 1969 bls. 360, um afgreiðslu á fyrningar-málsástæðu, er fyrst var borin fram við munnlegan flutning í héraði, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum er rétt að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 45.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. apríl 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. mars sl., hefur Karl Ottó Karlsson, nnr. 5499-7388, Silfurbraut 25, Höfn, Hornafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 19. ágúst 1983 á hendur B. M. Vallá hf., nnr. 0908-0104, Hátúni 4, Reykjavík. Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 470.419,00 með 9% ársvöxtum frá 22. ágúst 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september '79, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Til vara er krafist annarrar lægri fjárhæðar að mati réttarins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að þann 22. ágúst 1973 hafi stefnandi ekið sendiferðabifreið sinni R-20085 suður Háaleitisbraut. Hafi hann ekið á hægri ferð og ætlað að beygja til hægri vestur Sléttuveg. Steypubifreiðinni G-5453, eign stefnda, hafi verið ekið austur Sléttuveg og beygt til vinstri norður Háaleitisbraut. Hafi steypubifreiðinni verið ekið á vinstri vegar-

hellingi og framan á bifreið stefnanda. Er stefnandi sá til ferða steypubifreiðarinnar hafi hann hægt á ferð bifreiðar sinnar og ætlað að aka út af veginum en hafi eigi unnist tími til þess þar sem bifreið stefnda bar svo brátt að.

Árekstur bifreiðanna hafi verið mjög harður. Hafi bifreið stefnanda kastast út af veginum og skemmst mjög mikið.

Stefnandi hafi slasast mjög alvarlega. Hafi hann m.a. hlotið opin brot á vinstri fótlegg og vinstri handlegg og mjög þungt högg á vinstra hné.

Örorka stefnanda hafi verið metin þann 18. desember 1974 af Ólafi Jónssyni lækni og hafi hann metið orkumissi stefnanda frá slysdegi 100% í 12 mánuði, síðan 50% í einn mánuð og síðan varanlega 8%, sem hann síðan breytti í 15%.

Bifreið stefnda hafi verið ábyrgðartryggð hjá Brunabótafélagi Íslands hf. Tryggingafélagið hafi fallist á skaðabótaskyldu stefnda og greitt stefnanda bætur vegna tjóns hans á grundvelli örorkumatsins frá 18. desember 1974 og útreikninga tjóns stefnanda, sem byggðir voru á því mati. Hafi stefndi fengið alls greiddar kr. 11.663,00.

Eftir að samið hafði verið um greiðslu ofangreindra bóta hafi ástand stefnanda og liðan versnað mjög, og í ljós hafi komið, að afleiðingar slyssins voru til muna alvarlegri en áður hafði verið talið. Hafi verið um að ræða mikil og vaxandi einkenni frá vinstra hné og vinstra handlegg svo og frá hægri hné. Hafi stefnandi liðið miklar kvalir af þessum sökum og þurft að gangast undir uppskurði í þeirri von að bati næðist.

Ólafur Jónsson læknir hafi metið á ný örorku stefnanda þann 18. nóvember 1981 og hafi þá talið að örorka stefnanda væri rétt metin 100% í 6 mánuði til viðbótar því sem áður var metið, 50% í 2 mánuði til viðbótar og síðan 35% varanleg.

Eftir að í ljós kom, að tjón stefnanda var til muna meira en áður hafði verið talið, hafi Brunabótafélag Íslands hf. greitt eftirstöðvar váttryggingarfjárhæðarinnar kr. 18.337,00 auk vaxta, en váttryggingarfjárhæðin hafi verið á slysdegi gkr. 3.000.000,-.

Stefnandi telji stefnda bera alla ábyrgð á slysinu. Ökumaður steypubifreiðarinnar, sem var starfsmaður stefnda, hafi ekið á öfugum vegarhellingi í og út úr beygjunni, og hafi hann því gerst brotlegur við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. 1., 2. og 4. mgr. 45. gr., 3. mgr. 46. gr. og 1. mgr. 47. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Telji stefnandi ábyrgð stefnda byggjast annars vegar á 68. gr. sbr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og hins vegar á reglum um húsbóndaábyrgð vegna gáleysislegrar hegðunar ökumannsins.

Krafa um miskabætur sé byggð á 264. gr. alm. hegningarlaga.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	15.395,00
vegna varanlegrar örorku til 1/10 1983	“	67.173,00
vegna varanlegrar örorku eftir það	“	328.352,00
Samtals	kr.	410.920,00
miskabætur	“	100.000,00
ferðalög + læknskostn.	“	10.000,00
umönnun á heimili	“	10.000,00
Samtals	kr.	530.920,00
÷ gr. frá Brunabótafél. Ísl. (reikn. til slysdags)	“	16.224,00
÷ dagpen. frá Tryggingast. ríkisins	“	1.810,00
÷ örorkulífeyrir	“	42.467,00
	kr.	470.419,00

1. Krafa vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku byggist á útreikningum Þóris Bergssonar, dags. 16/8 1983 og sé krafan um bætur vegna varanlegrar örorku tvíþætt. Í fyrsta lagi sé um að ræða tjón vegna varanlegrar örorku til 1. október 1983 að fjárhæð kr. 67.173,00 og í öðru lagi tjón vegna varanlegrar örorku eftir það að fjárhæð kr. 328.352,00. Augljóst sé að stefnandi hafi orðið fyrir og muni verða fyrir mjög miklum tekjumissi vegna slyssins. Hann hafi lokið prófi frá Vélstjórnaskólanum og hafi verið vélstjóri á fiskiskipum af og til, en ætíð orðið frá starfi að hverfa vegna áverka sinna á hnám og þurft að vinna fyrir sér við mun verr launuð störf í landi af þessum sökum.

Allar líkur bendi til þess, að stefnandi verði alfarið að hætta vélstjórn á fiskiskipum og verði því að telja, að kröfu hans sé mjög í hóf stillt. Þá sé auk þess líklegt, að þegar fram líði stundir, muni þrautir stefnanda aukast og þar með aukist örorka hans. Í kröfuleið þessum sé gert ráð fyrir 5% ársávöxtun eftir 1. október 1983. Byggist það á því, að með öðrum hætti, þ.e.a.s. ef reiknað væri með hærri vöxtum, fengi stefnandi ekki tjón sitt að fullu bætt, og sé það í raun vafasamt, að reikna með að unnt sé að fá 5% raunvexti á peninga í dag hérlandis, og ætti því raunar að miða við mun lægri vexti.

2. Krafa um miskabætur að fjárhæð kr. 100.000,00. Augljóst sé, við skoðun á sjúkrasögu stefnanda, að miski hans sé mikill. Í fyrsta lagi megi nefna þann voðalega sársauka, sem hann hafi orðið að þola, bæði við slysið sjálft og síðan allar þær aðgerðir sem hann hafi orðið að gangast undir vegna áverka sinna af völdum slyssins. Sé þjáninga hans t.d. getið í vottorðum þeirra lækna, sem meðhöndlað hafi stefnanda, sbr. dskj. nr. 4, 5 og

6. Í öðru lagi megi nefna þau óþægindi, sem stefnandi hafi orðið fyrir. Hann hafi margsinnis, og oft lengi, þurft að dvelja fjarri heimili sínu vegna lækni meðferða. Hann hafi þurft að hætta í því starfi, sem hann hafi menntun til að vinna, auk allra annarra óþæginda, sem áverkar hans óhjákvæmilega hafi haft í för með sér, bæði í starfi og í einkalífi. Í þriðja lagi beri stefnandi lýti bæði á fótum og á handlegg vegna þeirra fjölda aðgerða, sem fram hafi farið á honum og vegna þess, að hann geti ekki rétt úr vinstra fæti og stingi því við er hann gangi. Í fjórða lagi hafi orðið mikil röskun á stöðu og högum stefnanda, og hafi þess að nokkru verið getið hér að framan.

3. Krafa um greiðslu á kostnaði vegna ferðalaga og læknskostnaðar kr. 10.000,00. Engir reikningar séu lagðir fram til stuðnings kröfu þessari. Það sé hins vegar deginum ljósara, að um mjög mikinn kostnað hafi verið að ræða fyrir stefnanda vegna hinna tíðu ferða hans á milli Hafnar í Hornafirði og Reykjavíkur. Á árunum 1980 og 1981 hafi stefnandi t.d. farið 6 ferðir. Sé kröfulið þessum augljóslega mjög í hóf stillt.

4. Krafa um bætur vegna umönnunar á heimili að fjárhæð kr. 10.000,00. Ljóst sé að mikill tími hafi farið í að sinna stefnanda vegna áverka hans og hljóti því krafa þessi að teljast mjög sanngjörn.

5. Frádráttarliðir séu allir reiknaðir til slysdags.

Aðalkröfu sína styður stefndi þessum rökum:

Vátryggjandi stefnda, Brunabótafélag Íslands, hafi gert upp tjón stefnanda að fullu þann 6.3. 1975. Að frádregnum 20% vegna eingreiðslu og greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins hafi örorkubætur til stefnanda numið kr. 991.341,00 og miskabætur kr. 175.000,00 eða samtals kr. 1.166.341,00. Vextir, að frádregnum vöxtum af innborgunum árin 1973 og 1974, hafi verið kr. 152.452,00. Að auki hafi tryggingafélagið greitt allan kostnað. Samtals nemi þessar greiðslur miðað við núverandi verðgildi krónunnar kr. 421.984,00.

Umboðsmaður stefnanda hafi kvittað fyrir þessum greiðslum sem fullnádarbótum og væru allar kröfur vegna tjóns stefnanda þar með greiddar.

Rúmum átta árum eftir slysið, eða þann 1. október 1981, muni umboðsmaður stefnanda hafa snúið sér að nýju til tryggingarfélagsins með bótakröfu f.h. stefnanda og séu kröfur hans nú byggðar á örorkumati frá 18.11. 1981, en þar sé varanleg örorka metin 35% auk þess sem tímabundin örorka lengist.

Stefndi hafi lagt það í vald vátryggingarfélagsins að meta bætur til handa stefnanda að því marki, sem vátryggingafjárhæð bólsins segði til um, og hafi stefndi lagt á það áherslu, að málinu yrði endanlega lokið, þannig að ekki yrði um bakkkröfur á hendur honum að ræða. Hafi stefnanda verið fullkunnugt um þessa afstöðu.

Vátryggingafjárhæð bifreiðar stefnda hafi á þeim tíma, er slysið varð, numið gkr. 3.000.000,00 eða kr. 30.000,00.

Pann 14. október 1982 hafi umboðsmaður stefnanda veitt viðtöku mismuninum á vátryggingarfjárhæðinni og þegar greiddum örorku- og miska-bótum kr. 30.000,00 ÷ kr. 11.663,00 eða kr. 18.337,00 auk vaxta fjögur ár aftur í tímann kr. 25.590,00 eða samtals kr. 46.927,00.

Í texta bótakvittunar, sem undirrituð sé af umboðsmanni stefnanda, sé tekið fram að greiðsla á eftirstöðvum vátryggingafjár feli ekki í sér viðurkenningu á réttmæti kröfu tjónþola gagnvart vátryggingartaka og síðan kvitti umboðsmaðurinn fyrir fjárhæðinni og að allar kröfur vegna tjónsins séu að fullu greiddar.

Stefndi hafi haldið bifreið sinni í lögboðinni tryggingu, sem á þeim tíma hafi verið talin nægilega há til þess að mæta hugsanlegum bótakröfum. Hann hafi því greitt fyrir því, að stefnandi fengi hámarksvátryggingarbætur greiddar samkvæmt þessari tryggingu, þrátt fyrir það að stefnandi hafi af-salað sér öllum frekari kröfum til bóta við tjónsuppgjör 6.3. 1975.

Þetta hafi verið bundið því skilyrði, að ekki yrði um bótakröfur á hendur stefnda að ræða. Stefnandi eigi ekki neina lögvarða kröfu á stefnda. Aðiljar eigi að mega treysta því, að málum sé raunverulega lokið, þegar á þau hafi verið sæst.

Við munnlegan málflutning byggði stefndi sýknukröfu sína ennfremur á því, að krafan væri fyrnd, þá væri vaxtakrafan og fyrnd.

Af hálfu stefnanda var þessum málsástæðum mótmælt sem of seint fram komnum, en til vara sem röngum.

Varakröfu sína styður stefndi eftirfarandi rökum:

Örorkutjónsútreikningur sé byggður á læknisfræðilegu mati. Í þessu til-viki sé um að ræða læknisfræðilegt mat sérfræðings í lyflækisfræði og meltingarsjúkdómum.

Sé síðara örorkumatinu mótmælt sem röngu og allt of háu. Af saman-burði fyrri og síðari læknisvottorða verði ekki betur séð en allar sömu læknisfræðilegar forsendur hafi verið til staðar, þegar örorka stefnanda var metin hið fyrra sinni og síðar varð.

Tímabundið og varanlegt örorkutjón, án nokkurs frádráttar, hafi numið gkr. 1.424.155,00, þegar bótauppgjör fór fram 6.3. 1975, og megi ætla, að vátryggingarfjárhæð bílsins hefði á þeim tíma nægt til að greiða kröfur stefnanda, þótt örorka hans hefði verið metin 35% í byrjun í stað 15%.

Tryggingafræðingur reikni út verðmæti bótagreiðslna, sem stefnanda hafi verið greiddar, kr. 16.224,00. Miðað við verðgildi peninga í dag mætti þrítugfalda greiðsluna frá 6.3. 1975. Sé dæmið hins vegar sett upp í einfalda þríliðu og gert ráð fyrir því, að bótagreiðslur til stefnanda greiði 15% ör-

orku- og miskabætur en krafa stefnanda 35%, nemi verðmæti greiðslna til stefnanda rúmlega kr. 212.000,00.

Útreikningi tryggingafræðingsins er mótmælt sem allt of háum og ekki í samræmi við hefðbundnar venjur.

Kröfu um greiðslu vegna lækniskostnaðar og ferðalaga, svo og vegna umönnunar á heimili er ekki andmælt tölulega.

Af hálfu aðilja hefur því verið lýst yfir, að óumdeilt sé, að frumrit dskj. nr. 31 og 33 hafi verið kvittað af Agli Gestssyni tryggingamiðlara f.h. stefnanda.

III.

Ekki verður litið svo á að samkomulag það, sem aðiljar gerðu með sér þann 6. mars 1975 um uppgjör tjónsins, sé bindandi fyrir stefnanda nema hvað varðar það tjón, sem þegar var komið fram á þeim tíma, en firrir stefnanda hins vegar ekki rétti til þess að krefjast bóta vegna afleiðinga slyssins, sem síðar komu fram og ekki var fyrirsjáanlegt að myndu koma fram.

Þegar bótakvittun á dskj. nr. 33 var undirrituð þann 14. október 1982 voru allar afleiðingar slyssins hins vegar komnar fram. Í texta þeirrar kvittunar er svohljóðandi fyrirvari: „Kvittast hér með fyrir nefndri upphæð og eru allar kröfur á Brunabótafélag Íslands vegna ofangreinds tjóns að fullu greiddar. Ennfremur afsala ég til Brunabótafélags Íslands öllum endurgreiðslum eða kröfum, er ég kann að eiga á hendur þriðja manni.“

Fyrirvari þessi telst ekki bindandi fyrir stefnanda gagnvart stefnda, samkvæmt orðalagi sínu.

Ekki er ágreiningur um sök.

Þær málsástæður stefnda, sem byggjast á fyrningu, komast ekki að í máli þessu gegn andmælum stefnanda sbr. 4. tl. 2. mgr. 110. gr. 1. nr. 85/1936.

Verður nú fjallað um bótafjárhæðina.

Um kröfulið 1, örorkubætur kr. 410.920,00.

Stefnandi byggir kröfur sínar á örorkumati, sem Ólafur Jónsson læknir framkvæmdi þann 18.11. 1981, þar sem örorka stefnanda er metin þannig:

100% í 6 mánuði til viðbótar því, sem áður var metið.

50% í 2 mánuði “ “ “ “ “ “

Síðan 35% varanleg örorka.

Örorkumati þessu hefur stefndi mótmælt sem röngu og allt of háu. Við munnlegan málflutning vitnaði lögmaður stefnda til örorkumats, sem væri

í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins, og væri varanleg örorka stefnanda þar metin 30%. Gerði stefndi kröfu til þess í varakröfu sinni, að það mat yrði lagt til grundvallar.

Örorkumat það, sem um ræðir, hefur ekki verið lagt fram í máli þessu og verður því ekki á því byggt í dómi. Þar sem framlögðu mati Ólafs Jónssonar læknis hefur ekki verið hnekkt ber að leggja það til grundvallar í málinu, enda hefur því ekki verið andmælt á öðrum forsendum en að ofan greinir.

Á grundvelli framangreinds örorkumats hefur Þórir Bergsson cand. act. reiknað út örorkutjón stefnanda, og eru niðurstöður tryggingafræðingsins miðað við 20% varanlega viðbótarörorku eftirfarandi:

1. Viðbótarörorka 20% varanlega. Vaxtaforsenda I.

Ársvextir eftir 1. - 10. 1983	5%	7%	9%	13%
v/tímab. örorku	10.572	10.572	10.572	10.572
v/varanl. " til 1.-10. 83	42.315	42.315	42.315	42.315
v/ " " eftir það	140.622	111.623	91.928	67.529
Samtals	193.509	164.510	144.815	120.416

2. Viðbótarörorka 20% varanlega. Vaxtaforsenda II

Ársvextir eftir 1. - 10. 1983	5%	7%	9%	13%
v/tímab. örorku	15.395	15.395	15.395	15.395
v/varanl. örorku til 1.-10. '83	67.173	67.173	67.173	67.173
v/ " " eftir það	328.352	260.640	214.463	157.680
Samtals	410.920	343.208	297.031	240.248

Er í vaxtaforsendu I miðað við samsetta vexti, en í vaxtaforsendu II miðað við einfalda vexti.

Þá hefur tryggingafræðingurinn ennfremur reiknað út greiðslur til stefnanda frá Brunabótafélagi Íslands miðað við verðmætamat á slysdegi, en þær eru miðaðar við vaxtaforsendu I kr. 8.570,00 og miðað við vaxtaforsendu II kr. 16.224,00.

Krafa stefnanda miðast við vaxtaforsendu II og 5% ársávöxtun.

Þegar virtir eru möguleikar til ávöxtunar fjár í dag og þróun vaxta og peningamála, og jafnframt höfð hliðsjón af framangreindum útreikningum Þóris Bergssonar cand. act. miðað við einfalda vexti auk þess sem tekið er tillit til annarra þeirra atriða, sem hafa ber í huga, þegar örorkubætur eru metnar, þykja greiðslur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr.

210.000,00. Frá þeirri fjárhæð dragast bætur frá Brunabótafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og örorkulífeyrir, samtals kr. 60.501,00, en útreikningi á frádráttarliðum til slysdags hefur ekki verið hnekktt, og verða þeir því látnir koma til frádráttar eins og í kröfugerð stefnanda greinir.

Um lið 2, miskabætur kr. 100.000,00.

Í kröfugerð sinni virðist stefnandi krefjast bóta fyrir allan þann miska, sem stefnandi hefur orðið fyrir bæði við slysið og eftir það. Hér ber þó að taka tillit til þess, að þegar samið var um bætur þann 6. mars 1975, þá var samið um fullnaðarbætur fyrir allt það tjón, sem þá var komið fram, og verður að líta svo á að þar hafi miski verið innifalinn. Þegar virt eru meiðsl stefnanda og sjúkrasaga eftir að uppgjör fór fram þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 20.000,00.

Um liði 3 og 4, bætur vegna læknishjálpar, ferðakostnaðar og umönnunar á heimili, samtals kr. 20.000,00.

Þessum lið hefur ekki verið andmælt tölulega og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt að öðru leyti en því sem fram kom við munnlegan málflutning, og verður hún því tekin til greina með þeirri breytingu að 19% ársvextir reiknast frá 21. febrúar 1978 og dæmast vextir eins og greinir í dómsorði.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málkostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 37.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómars.

D ó m s o r ð:

Stefndi B. M. Vallá hf. greiði stefnanda Karli Ottó Karlssyni kr. 189.499,00 ásamt 9% ársvöxtum frá 22. ágúst 1973 til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 19. ágúst 1983, en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september s.á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember

s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 12. apríl 1984, en síðan með hæstu innlánsvöxtum eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 37.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. júlí 1986.

Nr. 10/1986. **Almennar Tryggingar h/f**

gegn

**H/f Eimskipafélagi Íslands og
Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. -
Erste Beteiligungs KG.**

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar með kæru 7. janúar 1986, er barst Hæstarétti 15. s.m. Verður við það að miða, að sóknaraðili hafi fengið vitneskju um dóminn 2. janúar 1986.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Sóknaraðili krefst kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn H/f Eimskipafélag Íslands krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilinn Schulauer Schiffahrtsgesellschaft mbH & Co. - Erste Beteiligungs KG krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.